

aðeins til þess aðila sem að uppsögninni stendur og tekur gildi sex mánuðum eftir að sænska utanríkisráðuneytinu berst tilkynning um uppsögnina.

18. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum aðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi 29. júní 1989 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um breytingu á Norðurlandasamningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar.

Í dag var undirritað í Reykjavík samkomulag um breytingu á viðbótarbókun frá 27. ágúst 1987 við samkomulag um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar. Breytingin öðlaðist gildi við undirritun. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, sbr. auglýsingar nr. 11/1983 og 13/1989.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari en viðbótarbókunin sem fylgiskjal 2. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. febrúar 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMKOMULAG

um breytingu á viðbótarbókun frá 27. ágúst 1987 við samkomulag um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem vilja framlengja gildistíma viðbótarbókunarinnar frá 27. ágúst 1987 um starfsréttindi hjúkrunarfræðinga, hafa gert samkomulag um eftirfarandi:

1. gr.

Viðbótarbókunin sem undirrituð var í Skagen 27. ágúst 1987 við samkomulag um breytingu á samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar skal gilda meðan samningurinn frá 25. ágúst 1981 er í gildi.

2. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þann dag sem það er undirritað af öllum aðilum. Samkomulagið skal þó hafa gildi frá og með 25. ágúst 1989.

3. gr.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðilunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Reykjavík 28. febrúar 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal 2.**VIÐBÓTARBÓKUN**

við samkomulag um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að breyta samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Viðbótarbókun þessi við samkomulag um breytingu á samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar skal hljóða svo:

„Sá á rétt til viðurkenningar sem hjúkrunarfræðingur samkvæmt samningnum sem hefur lokið menntun í almennri hjúkrun.

Hjúkrunarfræðingar sem hafa lokið námi í öðrum greinum hjúkrunar metast einstaklingsbundið í hverju landi.

Eftirlitsnefndin, sem fylgist með framkvæmd samningsins, skal fylgjast nákvæmlega með framkvæmd einstaklingsbundna matsins.“

2. gr.

Frumriti viðbótarbókunar þessarar skal komið í vörslu hjá sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest afrit af því.

TILLÆGSPROTOKOL

til aftale om ændring af overenskomsten mellem Danmark, Finland, Norge og Sverige af 25. august 1981 om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet

Danmarks, Finlands, Norges og Sveriges regeringer, som ønsker at ændre overenskomsten af 25. august 1981 om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet, har aftalt følgende:

Artikel 1

Denne tillægsprotokol til aftale om ændring af overenskomsten af 25. august 1981 om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper indenfor sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet skal have følgende ordlyd:

“Godkendelse som sygeplejerske i overensstemmelse med overenskomsten skal gælde dem, der er uddannede som sygeplejersker med ansvar for den almene sundheds- og sygepleje.

Sygeplejersker med anden uddannelse end til sygeplejerske med ansvar for den almene sundheds- og sygepleje godkendes af de respektive lande efter individuel bedømmelse.

Den særlige arbejdsgruppe, som har til opgave at følge gennemførelsen af overenskomsten skal særligt nøje følge gennemførelsen af den individuelle bedømmelse.”

Artikel 2

Originaleksemplaret af denne tillægsprotokol skal deponeres i det svenske udenrigsministerium, som skal oversende bekræftede genparter til de øvrige kontraherende stater.

3. gr.

Viðbótarbókun þessi gengur í gildi 30 dögum eftir að öll samningsríki hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku hennar.

Vörsluaðili skal tilkynna öðrum samningsríkjum um móttöku slíkra tilkynninga. Viðbótarbókun þessi gildir til 25. ágúst 1989. Fylgjast skal stöðugt með framkvæmd ákvæða 1. gr. og meta áður en tekin verður ákvörðun um reglur til frambúðar um hjúkrunarfræðinga í samningnum frá 25. ágúst 1981.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar ríkjanna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað viðbótarbókun þessa.

Gjört í Skagen 27. ágúst 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Artikel 3

Denne tillægsprotokol træder i kraft, 30 dage efter at samtlige kontraherende stater har meddelt til det svenske udenrigsministerium, at de foranstaltninger, som kræves for aftalens ikrafttræden er gennemført.

Depositaren underretter de øvrige kontraherende stater om tidspunktet for modtagelsen af disse meddelelser. Denne aftale om tillægsprotokol skal gælde indtil den 25. august 1989. Gennemførelsen af bestemmelserne i artikel 1 skal løbende følges og vurderes, inden der tages endelig stilling til den fortsatte regulering af gruppen sygeplejersker i overenskomsten af 25. august 1981.

SOM BEKRÆFTELSE HERPÅ her undertegnede tilbørligt befuldmægtigede repræsentant undertegnet denne tillægsprotokol.

UDFÆRDIGET I SKAGEN den 27. august 1987 i ét eksemplar på dansk, finsk, norsk og svensk, hvilke tekster alle har samme gyldighed.

9. mars 1990

Nr. 5

AUGLÝSING

um samning við Alþjóðabankann og Alþjóðaframfarastofnunina
um ráðgjafasjóð.

Hinn 5. mars 1990 var undirritaður samningur milli Íslands og Alþjóðabankans til endurbyggingar og nýbyggingar og Alþjóðaframfarastofnunarinnar um ráðgjafasjóð. Samningurinn öðlaðist gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari en með bréfi sem birt er í fylgiskjali 2 er samningurinn látinn ná einnig til Alþjóðalánastofnunarinnar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. mars 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.